

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1958.

Lög um breyting á lögum nr. 115 19. nóv. 1936, um þingskóp Alþingis, undirskrifuð af forsetanum 13. nóvember 1958, nr. 61.

Auglýsing um framlenging viðskiptasamnings milli Íslands og Kúbu, undirskrifuð af utanríkisráðherra 5. nóvember 1958, nr. 62.

Auglýsing um samkomulag um viðskipti milli Íslands og Tékkóslóvakíu, undirskrifuð af utanríkisráðherra 11. nóvember 1958, nr. 63.

Lög um útflutning hrossa, undirskrifuð af forsetanum 26. nóvember 1958, nr. 64.

Lög um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 68/1949, um bifreiðaskatt o. fl., undirskrifuð af forsetanum 5. desember 1958, nr. 65.

Lög um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 90 1954, um tollskrá o. fl., undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 66.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1959, undirskrifuð af forsetanum 10. desember 1958, nr. 67.

Lög um breyting á lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar, undirskrifuð af forsetanum 16. desember 1958, nr. 68.

Lög um breyting á lögum nr. 33 29. maí 1958, um útflutningssjóð o. fl., undirskrifuð af forsetanum 23. desember 1958, nr. 69.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1959 með viðauka, undirskrifuð af forsetanum 15. desember 1958, nr. 70.

Lög um framlenging á gildi laga nr. 100 1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna, undirskrifuð af forsetanum 23. desember 1958, nr. 71.

Auglýsing um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl., undirskrifuð af forsætisráðherra sama dag, nr. 72.

Lög um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1959, undirskrifuð af forsetanum 29. desember 1958, nr. 73.

Lög um breyting á lögum nr. 24. 29. marz 1956, um almannatryggingar, undirskrifuð af forsetanum 30. desember 1958, nr. 74.

Auglýsing um fullgildingu alþjóðapóstsamninga, undirrituð af utanríkisráðherra sama dag, nr. 75.

Auglýsing um staðfesting forseta Íslands á reglugerð fyrir Háskóla Íslands, undirskrifuð af menntamálaráðherra 17. júní 1958, nr. 76.

AUGLÝSING

195

28. nóv.

um gjald fyrir tilkynningar o. fl., sem birtast í Lögbirtingablaðinu.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 64 16. desember 1943, um birtingu laga og stjórnvaldaerinda, er gjald fyrir tilkynningar o. fl., sem birtist í Lögbirtingablaðinu, hér með ákveðið þannig:

- | | |
|--|------------|
| 1. Fyrir tilkynningu um skrásetningu hlutafélags og samvinnufélags . | kr. 300.00 |
| 2. Fyrir tilkynningu um skrásetningu firma | — 100.00 |
| 3. Fyrir tilkynningu um veitingu prókúruumboðs, breytingu eða afturköllum á prókúruumboði | — 100.00 |
| 4. Fyrir tilkynningu um breytingu á hlutafélögum, samvinnufélögum og firmum (breyt. á stjórn, samþykktum, eigendaskipti o. fl.) | — 100.00 |
| 5. Fyrir tilkynningu um að hlutafélag eða firma sé hætt störfum ... | — 15.00 |

B 47

195	6. Fyrir uppboðsauglýsingu, þrjár birtingar	kr. 200.00
28. nóv.	7. Fyrir fjármark	— 50.00
	8. Fyrir auglýsingu um óskilafénað, fyrir hverja kind eða hross	— 20.00
	9. Fyrir innköllun, þrjár birtingar	— 200.00
	10. Fyrir auglýsingu um skiptafund	— 100.00
	11. Fyrir einkaleyfisumsókn	— 100.00
	12. Fyrir ógildingarstefnu	— 100.00

Gjaldskýlt efni, sem birt er í blaðinu, en eigi fellur undir neinn framangreindra liða, greiðist með 10 krónum fyrir hvern dálksentimetra.

Gjaldskrá þessi öðlast gildi 1. janúar 1959. Fellur þá jafnframt úr gildi auglýsing frá 20. júní 1955, um gjald fyrir tilkynningar o. fl., sem birtist í Lögbirtinga-
blaðinu.

Í dómsmálaráðuneytinu, 28. nóvember 1958.

Hermann Jónasson.

Baldur Möller.

196

13. des.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 147 1955, um tekju- og eignarskatt.

1. gr.

Við 4. tölulið 6. málsg. í B-lið 34. greinar reglugerðarinnar bætist: og allt að 75% af fasteignamati lóða í kaupstöðum og kaupþúnum.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkv. lögum nr. 46/1954, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 13. desember 1958.

F. h. r.

Sigtr. Klemenzson.

Jón Skaftason.

197

23. des.

REGLUGERÐ

fyrir Viðskiptabanka Landsbanka Íslands.

I. KAFLI

Skipulag Viðskiptabankans.

1. gr.

Landsbanki Íslands er sjálfstæð stofnun, sem er eign ríkisins, en undir sérstakri stjórn. Ríkissjóður ber ábyrgð á öllum skuldbindingum bankans.

2. gr.

Önnur aðaldeild Landsbanka Íslands er Viðskiptabankinn. Lýtur hann sérstakri stjórn samkvæmt l. nr. 63 21. júní 1957, um Landsbanka Íslands. Undir Viðskiptabankann fellur sparisjóðsdeild Landsbanka Íslands ásamt öllum útibúum hans. Varasjóðum Viðskiptabankans og öðrum eignum, sem og útlánnum, innlánnum og reikningshaldi, skal halda algerlega aðgreindum frá öðrum deildum bankans.